



Neytendasamtökin  
Hverfisgötu 105  
101 Reykjavík

SJÁVARÚTVEGS- OG  
LANDBÚNAÐARRÁÐUNEYTIÐ

Skúlagötu 4 150 Reykjavík  
sími: 545 8300 bréfasími: 552 1160  
postur@slr.stjr.is www.stjr.is/slr

Reykjavík 29. júní 2010  
Tilv.: SLR10040095/9.7

Efni: Merkingar erfðabreyttra matvæla og fódurs.

Með vísan í bréf Neytendasamtakanna, dagsett 13. apríl 2010, þar sem samtökin krefjast merkinga á erfðabreyttri matvöru og fódri. Beðist er velvirðingar á því að dregist hefur að svara umræddu bréfi.

Löggjöf ESB um erfðabreytt matvæli og fódur hefur ekki verið tekin upp í EES samninginn. Ástæðan er sú að norðmenn hafa átt í samningaviðræðum við framkvæmdastjórn Evrópusambandsins (ESB) um tiltekna aðlaganir frá löggjöf ESB. Innleiðing þessarar löggjafar í íslenskan rétt hefur þannig tafist vegna þessa.


Reglur um merkingar erfðabreyttra matvöru og fódurs er aðeins hluti af hlutaðeigandi löggjöf um ESB um erfðabreytt matvæli og fódur. Löggjöfin samanstendur af nokkrum gerðum ESB. Megin reglugerð Evrópusambandsins á þessu sviði er reglugerð nr. 1829/2003 um erfðabreytt matvæli og fódur. Þegar reglugerð Evrópusambandsins nr. 1829/2003 verður felld inn í EES samninginn verður önnur reglugerð Evrópusambandsins nr. 1830/2003 einnig felld inn í samninginn, en hún fjallar m.a. um merkingar og rekjanleika erfðabreyttra matvæla og fódurs. Þessar tvær reglugerðir verður því að innleiða á sama tíma. Auk þessara tveggja reglugerða eru þrjár aðrar gerðir er varða erfðabreytt matvæli og fódur í drögum að ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar (JCD), þ.e. (EB) nr. 65/2004, 641/2004 og 2004/787 sem er tilmæli framkvæmdastjórnarinnar (Commisson Recommendation). Þrjár gerðir er varða nýfæði eru einnig í þessum sömu drögum að ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar, þ.e. (EB) nr. 258/1997, 1852/2001 og að síðustu 97/618, sem er tilmæli framkvæmdastjórnarinnar (Commisson Recommendation). Þessa löggjöf ber að líta á sem eina heild og má sem dæmi taka að reglugerð (EB) nr. 641/2004 inniheldur ákvæði um það hvernig staðið skuli að framkvæmd reglugerðar (EB) nr. 1829/2003. Því er með öllu óraunhæft að skoða aðeins merkingarákvæði löggjafarinnar, því hún nær auk þess yfir leyfi til markaðssetningar og þar með öryggis þeirrar vöru sem sett er á markað.

Á árinu 2007 hafði umhverfisráðuneytið uppi áform um að setja sérstaka reglugerð um merkingar erfðabreyttra matvæla. Eftir nánari skoðun málsins féll ráðuneytið frá þeim áformum og taldi heppilegra að bíða eftir upptöku ESB löggjafarinnar í íslenskan rétt.

Ráðuneytið hefur nú um nokkurt skeið skoðað þann möguleika að taka upp framangreinda löggjöf ESB um erfðabreytt matvæli og fóður í íslenskan rétt án þess að löggjöfin hafi verið tekin upp í EES samninginn. Slík upptaka yrði einhliða ákvörðun íslenskra yfirvalda án samþykkis framkvæmdastjórnarinnar. Lausn sem þessi er mjög erfið ef ekki óframkvæmanleg, þar sem leyfi til markaðsetningar erfðabreyttra matvæla og fódurs á innri markaði ESB, svo eitt dæmi sé tekið, er gefið út af framkvæmdastjórn ESB í samráði við Matvælaöryggisstofnun Evrópu (EFSA) og sérstaka ráðgjafanefnd samanber 5.-7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1929/2003. Framkvæmdastjórn ESB hefur ekki heimila sérlausnir sem þessar áður við framkvæmd EES samningsins enda vilji framkvæmdastjórnarinnar að ljúka yfirstandandi viðræðum um aðlögunartexta.

Sjávarútvegs- og landbúnaðaráðuneytið telur því eðlilegt að beðið sé eftir því að ofangreindum viðræðum ESB og EFTA ríkjanna ljúki og framangreind löggjöf ESB á þessu sviði verði tekin upp í EES-samninginn og löggjöfin því næst innleidd í íslenskan rétt. Ráðuneytið er að rýna ofangreindar gerðir hvað varðar efni og áhrif. Áætlað er að þeirri vinnu ljúki á lok ágúst 2010. Niðurstöður þeirrar vinnu munu verða sendar hagsmunaaðilum, þar á meðal Neytendasamtökunum þegar þær liggja fyrir.

Fyrir hönd ráðherra



Sigurgeir Þorgeirsson



Baldur P. Erlingsson